



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á viðurkenningarhátíð Barnaheilla,  
Reykjavík  
20. nóv. 2019**

Borgarstjóri,  
forystusveit Barnaheilla,  
fulltrúar Réttindaráðs Hagaskóla,  
aðrir góðir gestir,

Ég óska ykkur öllum til hamingju með daginn. Á þessum degi, fyrir réttum þrjátíu árum, samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samning samtakanna um réttindi barna. Barnasáttmálinn á því stórafmæli í dag, löngu kominn í fullorðinna tölu og megi hann áfram vera leiðarljós á ferðalagi okkar í átt að bættum heimi. Þeirri ferð lýkur aldrei og hindranir munu ætíð verða á okkar vegi. En við megum samt ekki missa móðinn.

Hér á Íslandi var Barnasáttmálinn lögfestur fyrir rúmum sex árum. Því þarf ætíð að hafa hann til hliðsjónar í samfélaginu við lausn mála, ásamt öðrum samningum, lögum og reglugerðum. Annars væri lögfesting hans jú aðeins innantóm orð, einhvers konar sýndarmenska.

Öðrum áfanga má einnig fagna hér: Í fyrradag undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra, og Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), samkomulag um stuðning stjórnvalda við verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Stefnt er að því að innan áratugar verði búið að festa Barnasáttmálann í sessi í sveitarfélögum landsins og svokölluð barnaréttindanálgun verði höfð í heiðri á þeim vettvangi.

Loks er það auðvitað tilefni þessarar hátíðar Barnaheilla að samtökin veita viðurkenningu fyrir vel unnin störf í þágu barna og ungmenna. Í ár nýtur

Réttindaráð Hagaskóla þess heiðurs með þeim rökum að félagar þess hafi verndað skólasystur sína gegn því að vera vísað úr landi og barist fyrir mannréttindum hennar og annarra barna í sömu stöðu og hún. Ég óska Réttindaráðinu til hamingju með viðurkenninguna.

Ágætu áheyrendur: Í öflugum velferðarsamfélagi þarf rödd barna og ungmenna að heyrast. Jafnframt þurfa réttindi barna og ungmenna að vera tryggð. Í gær átti ég fund með öflugum aðgerðasinna, hinni hollensku Mabel van Oranje. Hún er í forystusveit hóps sem berst gegn barnahjónaböndum víða um heim. Sú áþjám er ferleg, rænir ungar stúlkur æsku og frelsi. Og fyrr í dag hitti ég Atifete Jahjaga, fyrrverandi forseta Kósovó. Hún hefur talað máli þeirra kvenna sem var nauðgað í ófriði á þeim slóðum. Margar þeirra voru barnungar og munu ætíð bera merki þess glæps sem þær máttu þola.

Þrátt fyrir allt erum við þó á réttri leið þegar vítt er horft yfir sviðið. Sá er andinn í nýrri skýrslu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna sem birtist í tilefni afmælis Barnasáttmálans. Að öllu jöfnu líður börnum og ungmennum betur nú en fyrir þremur áratugum. Sífelld færri deyja vegna sjúkdóma eða vannæringar, sífelld færri búa við ofbeldi og átök. Sífelld fleiri njóta góðrar heilsu, sífelld fleiri geta menntað sig.

Á Íslandi og víðast á Vesturlöndum steðja hungur og farsóttir ekki að ungdóminum, styrjaldir og stríð ekki heldur. Þótt sú sé raunin má varast að gera of lítið úr þeim vanda sem blasir við hér heima. Börn og ungmenni virðast glíma við kvíða og jafnvel þunglyndi í ríkari mæli en áður. Einelti og áreitni gætir á netinu, grimmd unglinga þar, sem oft beinist að jafnöldrum, er stundum hamslaus.

Út frá því mætti spyrja hvort heimurinn væri endilega betri ef ungmenni réðu meiru. Rifjast þá jafnvel upp Flugnahöfðinginn, hin mergjaða skáldsaga Williams Goldings um hóp drengja sem verða skipreika á eyðieyju. Þeim lyndir vel í byrjun en sagan endar með ósköpum, illsku og harðstjórn.

Í heimi skáldskapar getur allt gerst og kannski hefði sagan orðið önnur ef stúlkur hefðu verið meðal söguhetjanna. Reyndar hefur staðið til undanfarin ár að gera kvikmynd að nýju eftir bók Goldings en láta telpur þá lenda á eyrni og sjá hvernig þeim farnaðist.

Eitt umtalaðasta ungmenni okkar daga er stúlka, Greta Thunberg. Með einlægni og ákveðni komst hún í sviðsljósið, málsvari margra sem vilja róttækar aðgerðir í loftslagsmálum. En á krakki að standa í svona baráttu? Er þetta gott fyrir blessað barnið? Þannig spyrja sumir af einskærri umhyggju, aðrir hafa það á hornum sér að unglingsstúlku sé beitt á vettvangi fullorðna fólksins. Hvernig er hægt að rökræða við barn með aspergersheilkenni?

Við skulum aftur horfa til skáldskaparins. Í nýjasta hefti Tímarits Máls og menningar, sem barst með póstinum á Bessastaði fyrir nokkrum dögum, er að finna ljóð norska prestsins og sálmaskáldsins Sindre Skeie. „Vertu ekki svona reið,“ heitir kvæðið í íslenskri þýðingu Sigríðar Guðmarsdóttur, og hefst einmitt á þeim orðum:

Vertu ekki svona reið,  
Greta Thunberg.  
Vertu ekki svona hrædd,  
svona leið,  
svona þreytt.  
Eiginlega væri best  
ef þú myndir ekkert til.  
Og vertu ekki svona ung.

Áfram heldur ljóðið en lokaorðin ríma við anda upphafsins:

Og mundu,  
þetta segjum við bara af hreinni umhyggju.  
Það eina sem við viljum er að þú hafir það gott.

Þannig lýkur ljóðinu og tökum þá upp þráðinn í raunheiminum. Já, við viljum að þið hafið það gott, ágætu ungmenni. Við viljum að þið njótið æskuáranna. Ég leyfi mér að hverfa aftur í ríki skáldanna og rithöfundanna, vitna hér í upphafsorð Fjallkirkjunnar, skáldverks Gunnars Gunnarssonar. Söguhetjan lítur um öxl, saknar eigin sakleysis, saknar æskuára sem voru án böls og ama:

Þau ár, þegar ég enn var ungur og saklaus, að erfðasyndinni undanskilinni;  
þau ár, þegar viðburðir lífsins miðluðu mér reynslu sem var laus við  
beiskju; þau ár, þegar vorkunn mín með öllu kviku var ógagnrýn og einlæg;  
þau ár, þegar Guð stóð mér fyrir hugskotssjónum sem örlátur og  
vingjarnlegur föðurafi, Fjandinn eins og dálítið varasamur og  
duttlungafullur móðurafi, en undir niðri heimskur og meinlaus; þau ár,  
þegar ljósið var í senn bæði ljós og sigursælt ljós og allt myrkur og allan  
óttu mátti særa burt með einu faðirvori eða signingu; þau ár, þegar ég grillti  
ekki kvöldið á morgnana og sat öruggur í skjóli undir grasi grónum  
moldarvegg og lék mér að stráum; þau ár eru liðin og koma aldrei aftur.

Ágætu ungmenni. Það má alveg njóta þess að hafa ekki of miklar áhyggjur af framtíðinni. Við viljum líka að þið horfið björtum augum þangað, raunsæ, já, en líka vonglöd. Án vonar verður allt svo örðugt. Án raunsæis verður allt líka svo örðugt. Heimurinn er ekki að farast þótt við fljúgum áfram eftir þörfum – en reynum samt að flandra ekki um allt að óþörfu. Heimurinn er ekki heldur að farast þótt við sjáumst með plastflösku eða plastpoka í hendi – en reynum samt að minnka plastnotkun. Heimurinn er ekki að farast þótt jöklar hopi en erfitt er

að finna sterkari teikn um það að saman verðum við að grípa til aðgerða í loftslagsmálum. Þá er gott að ungt fólk láti í sér heyra og láti til sín taka. En þá þarf líka að muna að við búum ekki í heimi hinna einföldu lausna. Sömuleiðis má ætíð hafa í huga reynslu hinna eldri, visku þeirra og víti til að varast.

Sjálfum verður mér gjarnan hugsað til þeirra orða heimspekingsins og guðfræðingsins Reinholds Niebuhrs að allt til endaloka sögunnar verði stjórn­mál eins og völlum þar sem samvíska og vald mætast, þar sem siðferði og raunsæi mætast í huga manna þannig að málamiðlanir nást, ekki þannig að öllum líki og ekki þannig að þeim sé ætlað að vara til eilífðarnóns, en þó þannig að smám saman þokist mannlegt samfélag áfram á framfarabraut. Og um sumt má ekki semja, sumu má aldrei afsala. Þar á meðal er krafan um grundvallarmannréttindi barna og ungmenna um víða veröld.

Ágætu áheyrendur: Ég ítreka heillaóskir mína til ungmennanna í Réttindaráði Hagaskóla, og góðar kveðjur til allra á afmælisdegi Barnasáttmálans.